



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ BLÁA LÓNSINS

Rekstrarár 2017

BLUE LAGOON
ICELAND

Efnisyfirlit

00 / INNGANGUR

01 / UN GLOBAL - ÁHERSLUR

02 / ÁBYRG FERÐAJÓNUSTA

Mannauður

Öryggismál

Heilsa

03 / SAMFÉLAG ÁN SÓUNAR

Umhverfismál

Loftlagsmál

04 / SJÁLFBÆRNI Í REKSTRI

05 / ÁBYRG VIÐSKIPTI

06 /

SAMFÉLAGSVERKEFNI

Manngildisverkefni

Menningarmál

Umhverfisverkefni

Íþrótt- og æskulýðsmál

Efling ferðapjónustunnar

Samfélagsábyrgð er ríkur þáttur í starfsemi Bláa Lónsins

Fyrirtækið hefur allt frá stofnun lagt áherslu á samfélagsábyrgð og hefur nálgun Bláa Lónsins að málaflokknum þróast í takt við þróun fyrirtækisins og samfélagsins.

Meginverkefni samfélagsábyrgðar eru vinnuvernd og öryggismál, umhverfis- og gæðamál, sjálfbærni og ábyrg viðskipti. Stuðningur við samfélagsverkefni er einnig mikilvægur þáttur.

Bláa Lónið leggur áherslu á að styðja við íþrótt- og æskulýðsmál í heimabyggð auk þess að styðja við menningar og heilbrigðismál.

Okkar stefna í samfélagsábyrgð

Í okkar starfi leggjum við áherslu á **umhverfi** þar sem allir njóta sín og öryggi okkar vinnufélaga og gesta er haft í fyrirrúmi. **Náttúran** er ekki óþrjótanleg auðlind og við stuðlum að **sjálfbærni** á sem flestum sviðum í rekstri og í samvinnu og sátt við samfélagið. Við stefnum að því að vera **fyrirmynd** og stuðningur annarra í samfélagsábyrgð innan ferðaþjónustunnar.

Markmið okkar í samfélagsábyrgð árið 2018 er að stofna þverfaglegt teymi innan fyrirtækisins sem hjálpar öllum að stefna í þessa átt og að gefa út CSR skýrslu í fyrsta sinn.

01 / UN Global Compact – Áherslur

Skýrslan er unnin að fyrirmynd **UN Global Compact** og byggir á viðmiðum Sameinuðu Þjóðanna um samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Skýrslan inniheldur upplýsingar um verkefni okkar, áherslur og markmið.

Bláa Lónið vinnur markvisst að því að gera samfélagsábyrgð að virkum þætti í daglegri starfsemi sem og í stefnumótandi verkefnum. Bláa Lónið er einnig aðili að Festu – miðstöð um samfélagslega ábyrgð.




UN Global Compact áherslur



Vinnuvernd og
öryggismál



Umhverfis- og
gæðamál



Sjálfbærni



Ábyrg viðskipti

Gildi Bláa Lónsins



Viðhorf okkar til samfélagsábyrgðar kristallast í **þeim gildum sem starfsmenn Bláa Lónsins hafa sett sér** og vinna eftir á degi hverjum.


Í gildunum endurspeglast áhersla á **umhyggju, virðingu og gleði**.

Okkur er umhugað um að hafa góð áhrif á það samfélag sem við tilheyrum, bæði nærsamfélagið og í hnattrænu samhengi. Í því verkefni eru engin landamæri.

Lykill að velgengni á sviði samfélagsábyrgðar felst ekki hvað síst í þeirri nálgun að starfsmenn og fyrirtækið stuðli í sameiningu að samfélagsábyrgð.

Í gegnum fræðslu og sameiginleg verkefni eru starfsmenn hvattir til að vera virkir þátttakendur í verkefnum er snúa að samfélagsábyrgð.

Okkar hagsmunaaðilar



02 / Ábyrg ferðapjónusta

Bláa Lónið er á meðal þeirra **250 fyrirtækja sem undirrituðu yfirlýsingu um ábyrga ferðapjónustu** í Háskólanum í Reykjavík þann 10. janúar 2017 að viðstöddum forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, en hann er verndari verkefnisins.

Ábyrg ferðapjónusta

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, og Íslenski ferðaklasinn standa að verkefninu í samstarfi við Ferðamálastofu, SAF, Íslandsstofu, Stjórnstöð ferðamála, Markaðsstofur landshlutanna, Höfuðborgarstofu og Safetravel. Bláa Lónið er á meðal bakhjarla verkefnisins.

Ábyrg ferðapjónusta er hvatningarverkefni um að fyrirtæki tengd ferðapjónustu sammælist um nokkrar skýrar og einfaldar aðgerðir um ábyrga ferðapjónustu.

1. Ganga vel um og virða náttúruna
2. Tryggja öryggi gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi
3. Virða réttindi starfsfólks
4. Hafa jákvæði áhrif á nærsamfélagið



Jákvæð áhrif á nærsamfélagið

Bláa Lónið hefur um árabil stutt við **íþróttu-og æskulýðsstarf á Reykjanesi** og umhverfismál í heimabyggð.

Bláa Lónið er stærsti vinnustaðurinn í Grindavík og er **á meðal stærstu vinnustaða á Reykjanesi**.

Fyrirtækið hefur haft jákvæð efnahagsleg áhrif, ekki hvað síst á undanförnum árum, og leitast af fremsta megni við að **beina innkaupum á vörum og þjónustu til aðila í nærsamfélaginu** til að styrkja innviði þar.

Allur fiskur sem framreiddur er á LAVA, veitingastað Bláa Lónsins, kemur frá Stakkavík í Grindavík. Fiskurinn kemur ferskur daglega og stundar fyrirtækið ábyrgar fiskveiðar.



02 / Ábyrg ferðapjónusta

Mannauður


Jafnrétti og fjölbreytni í starfsmannastefnu

Vinnuvernd og réttindi starfsfólks og verktaka Bláa Lónsins eru í fyrirrúmi.

Starfsfólk Bláa Lónsins hafa frjálsa aðild að stéttarfélagum og verktakar sem vinna verkefni fyrir Bláa Lónið undirrita yfirlýsingu þess efnis að starfsmenn þess vinni samkvæmt íslenskum kjarasamningum.

Jafnrétti kynjanna er mikilvægur þáttur í starfsmannastefnu Bláa Lónsins og hefur fyrirtækið innleitt jafnréttisáætlun og vinnur að jafnlaunavottun.

Hjá fyrirtækinu starfar **fjölbreyttur hópur** starfsfólks sem gerir mannauðinn enn öflugri og verðmætari. Jöfn kynjahlutföll eru meðal stjórnenda fyrirtækisins en um 2/3 starfsfólks eru konur. Í stjórn fyrirtækisins sitja 3 konur af 7 stjórnarmönnum.



Hagur, heilsa og félagslíf

Fyrirtækið leggur áherslu á að huga vel að hag starfsfólks.

Starfsfólk er hvatt til að huga vel að heilsu sinni og starfsmenn fá aðild að líkamsrækt á höfuðborgarsvæðinu, í Grindavík og Reykjanesbæ sér að kostnaðarlausu.

Félagslíf starfsfólks er öflugt og skipa fjallgöngur fastan sess í vetrardagskrá starfsfólks. Vorið 2017 var boðið upp á tvær ferðir í viku í nærliggjandi umhverfi og lauk dagskránni með lengri göngu í Landmannalaugum.

Undanfarin ár hefur hópur starfsfólks tekið þátt í Reykjavíkur- maraþoninu og greiðir fyrirtækið þátttökugjöld ásamt því að leggja til framlag ef starfsmenn hlaupa til stuðnings góðu málefni.



Stuðningur við starfsfólk

Fyrirtækið býður starfsfólki rútuferðir til og frá vinnu frá höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesbæ.

Þá hefur Bláa Lónið lagt til byggingar á nýju fjölbýlishúsi í Grindavík og er það hugsað sem húsnæði fyrir starfsmenn Bláa Lónsins.

Þjálfun Bláa Lónsins hefur það að markmiði að ýta undir hæfni og færni starfsmanna til að vaxa bæði faglega og persónulega.

Við eflum og styðjum við faglega þróun starfsfólks okkar með því að fjárfesta stöðugt í fræðslu og þjálfun þess.



Fræðsla fyrir starfsmenn – Grundvöllur að velgengni

Þjálfun nýliða
Vinakerfi



We Respect
Menningarläsi

Train the Trainers
Þjálfun leiðbeinenda

We Bring Joy
Nýliðafræðsla

Skyndihjálþ

Viðbrögð við ógnandi hegðun



**Öryggisnámskeið og
verklegar æfingar**

The Unforgettable Host
Leiðtogaþjálfun

HACCP
Gæðastaðlar í eldhúsi

We Create Memories
Þjónusta

**Skyndihjálþ, björgun í vatni
og sundpróf fyrir gæslumenn**



**Hreinlæti og meðferð
hreinsiefna**

02 / Ábyrg ferðapjónusta

Öryggismál

Öryggið í fyrirrúmi


Öryggi gesta, starfsmanna sem og samstarfsaðila er lykilþáttur í stefnu og starfsemi Bláa Lónsins. Megin áhersla er lögð á **fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir slys** og upplýsingagjöf.

Það næst með þjálfun starfsfólks og fræðslu á sviði öryggismála og atriðum er varða öryggi gesta er komið á framfæri á vefsvæði og einnig á upplifunarsvæði. Þannig vinnur Bláa Lónið stöðugt að því að byggja upp **ríka öryggismenningu** sem nær til alls fyrirtækisins og út í samfélagið með starfsfólkinu og gestum.

Fyrirtækið tryggir starfsfólki einnig **öruggar samgöngur** til og frá vinnu með því að bjóða rútufurðir frá Reykjanesbæ og höfuðborgarsvæðinu.

Starfsfólk fer reglulega á skyndihjálparnámskeið og fundir er varða öryggismál eru haldnir reglulega auk verklegra öryggisæfinga í samstarfi við viðbragðsaðila á svæðinu þ.á.m. slökkvilið Grindavíkur, lögregluna og björgunarsveitina Þorbjörn.

Starfsfólk er sinnir gæslu/öryggismálum fær sérstaka þjálfun og er sýnilegt gestum.



Áhersla á þjálfun

Skyndihjálp

Verklegar öryggisæfingar

Öryggisnámskeið



Skyndihjálp, björgun í vatni og sundpróf fyrir gæslumenn

Fræðsla og þjálfun í notkun handslökkvibúnaðar



Viðbrögð við ógnandi hegðun



02 / Ábyrg ferðapjónusta

Heilsa

Góð heilsa grundvöllur starfsánægju

Að hlúa að heilsu starfsfólks **eykur vellíðan og starfsánægju**.

Gerður var samningur við Vinnuvernd á árinu um þjónustu trúnaðarlæknis sem starfsfólk getur leitað til.

Heilsubótastyrkurinn var hækkaður til að starfsfólk geti sótt fjölbreyttari líkamsrækt við sitt hæfi og aðgengi að líkamsræktar-stöðvum var bætt til að ná til flestra óháð búsetu.

Október 2017 var tileinkaður heilsumálum þar sem boðið var upp á fjölbreytta fyrirlestra, yoga, hugleiðslu, ýmsa fræðslu, heilsufarsmælingar, bólusetningar og hollara mataræði fyrir starfsfólk.

Hjólahópur var stofnaður innan fyrirtækisins á árinu þar sem eitt af markmiðum hópsins er að taka þátt í WOW Cyclothon 2018.



03 / Samfélag án sóunar

Stefnumótun og markmiðasetning í umhverfismálum var í öndvegi árið 2016 og 2017 með það að markmiði að **stórauka umhverfisvitund og minnka umhverfisáhrif** af rekstri Bláa Lónsins.

03 / Samfélag án sóunar

Umhverfismál

Lágmörkun umhverfisáhrifa

Umhverfisstjóri var ráðinn til starfa á árinu 2016 og fjölmörgum verkefnum hrint í framkvæmd til að lágmarka umhverfisáhrif fyrirtækisins.

Unnið er markvisst að því að draga úr orku- og vatnsnotkun á hvern gest og auka hlutfall endurunnins úrgangs með því að draga úr myndun hans og auka flokkun.



Helstu áherslur í umhverfismálum



Draga markvisst úr myndun úrgangs og auka **hlutfall endurunnins úrgangs**.



Minnka matarsóun í matstofu starfsfólks með vitundarvakningu.



Aukin flokkun á lífrænum úrgangi í matstofu starfsfólks með bættri aðstöðu, hvatningu, fræðslu og skýrari merkingum.



Tímastillt blöndunartæki hafa **dregið úr vatnsnotkun**.



Setja upp nýjar endurvinnslutunnur og merkingar hjá starfsfólki og gestum til að bæta flokkun úrgangs.



Minni pappírnotkun með rafrænum skjalalausnum og umhverfisvænum og fjölnota pokum í verslunum Bláa Lónsins.



Draga úr rafmagnsnotkun með því að velja frekar LED lýsingu í stað glópera eða halógen og sundurgreina notkun orkufreks búnaðar til að lágmarka orkuþörf þeirra.

Áfram verður lögð áhersla á að draga úr notkun á plasti og endurvinna plastúrgang á árinu 2018

Aukin áhersla á sorpflokkun

Bláa Lónið hefur til margra ára flokkað **lífrænan úrgang** frá almennum úrgangi. Hann er síðan blandaður trjákurli og gert úr honum molta, frjósamur jarðvegur.

Aðrir úrgangsflokkar eru **bylgjupappír, blandaður pappír, plast, timbur og járn**.

Stýring umhverfispátta eru stöðugt í þróun og ávallt er verið að leita nýrra leiða til að **bæta umhverfisspor** Bláa Lónsins og auka skráningu gagna til að fá betra yfirlit um árangur okkar í umhverfismálum.



Starfsemi innan Reykjanes UNESCO Global Geopark



Bláa Lónið er staðsett á Reykjanesskaganum sem hefur verið útnefndur sem Reykjanes UNESCO Global Geopark. Svæðið býr yfir einstökum jarðminjum á heimsvísu.

Virðing fyrir einstakri náttúru hefur einkennt uppbyggingu Bláa Lónsins. Sérstök aðgát hefur verið sýnd til að raska umhverfinu sem allra minnst og falla byggingar Bláa Lónsins vel að umhverfinu.

Bláa Lónið hefur kostað gerð göngustíga um umhverfi Bláa Lónsins til að tryggja það að gestir geti upplifað einstaka náttúru án þess að raska henni, sérstaklega viðkvæmu hrauni og mosa.

Í því sambandi er þeim sem vilja athafna sig á svæðinu settar skýrar umgengnisreglur sem miða að **verndun viðkvæmrar náttúru**.



Bláfáninn

Bláfáninn var dreginn að húni í Bláa Lóninu í 15. sinn í júní 2017.

Bláfáninn er alþjóðleg viðurkenning sem veitt er til að stuðla að verndun umhverfis smábátahafna og baðstranda.

Meginmarkmið Bláfánaverkefnisins er bætt umhverfisstjórnun, góð hreinlætisaðstaða, gæði vatns, gott aðgengi að upplýsingum um þjónustu á viðkomandi svæði og slysavarnir.

Mikilvægur liður í Bláfánaverkefninu er að efla almenna umhverfisvitund og er það gert með lifandi fræðslu og upplýsingum um náttúru og viðkvæm svæði á Bláfánastöðum.



03 / Samfélag án sóunar

Loftlagsmál

Samstillt átak í loftlagsmálum


Árið 2015 undirritaði Bláa Lónið ásamt 103 öðrum fyrirtækjum undir **sameiginlega yfirlýsingu um aðgerðir í loftlagsmálum** sem unnin er í samstarfi við Festu og Reykjavíkurborg.

Markmið yfirlýsingarinnar er að skapa samstillt átak íslenskra fyrirtækja að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum.

Í framhaldi af undirritun þessari hefur Bláa Lónið tekið saman losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfssemi fyrirtækisins og gert áætlun um aðgerðir til að draga úr losun fyrirtækisins sem og sett **markmið og aðgerðaráætlun fyrir næstu ár**.

Árið 2016 og 2017 jókst losun gróðurhúsalofttegunda vegna byggingar á nýju hóteli og upplifunarsvæði Bláa Lónsins, ásamt aukinni aðsókn ferðamanna. Heildarlosun per gest lækkaði milli síðustu tveggja ára og Bláa Lónið hefur sett sér markmið fyrir árið 2018 um að ná losun niður fyrir **0,85 kg CO₂ per gest**.

Áætluð losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri Bláa Lónsins (tonn)



Virðing auðlinda

Ísland er ríkt af umhverfisvænum orkugjöfum.

Bláa Lónið er á meðal viðskiptavina fyrirtækisins Powena. Powena hefur hannað einstaka og öfluga lausn fyrir orkustjórnun og er fyrirtækið leiðandi á sínu sviði. Kerfið sjálft gerir okkur kleift að fylgjast nákvæmlega með orkunotkun mismunandi svæða og búnaðs.

Með bættu eftirliti öðlumst við skýrari mynd af núverandi orkunotkun og árangursvísum.

Ávinningur kerfisins felst í betri nýtingu orkuauðlinda og hvar er hægt að spara í rekstri með fyrirbyggjandi viðhaldi.

Kerfið er einnig mikilvægt tæki til að minnka losun koltvísýrings á kerfisbundinn hátt.




Samgöngur

Stærsti hluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá Bláa Lóninu er vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu.

Bláa Lónið býður starfsfólki sínu upp á **fríar rútuferðir til og frá vinnu**, en um 36% starfsfólks nýtir sér ferðirnar einu sinni eða oftár í viku.

Markmið Bláa Lónsins er að draga úr losun koltvísýrings vegna ferða starfsfólks til/frá vinnu um 20% árið 2018 með því að hvetja alla til að nýta rútuferðir eða sameinast í bíla eins oft og kostur er.

Einnig hefur aðstaða fyrir starfsfólk til að hlaða rafmangsbíla verið bætt.



04 / Sjálfbærni í rekstri

Fullnýting auðlindarinnar

Samfélag án sóunar eru einkunnarorð Bláa Lónsins í umhverfismálum.

Innan Reykjanes UNESCO Global Geopark er Auðlindagarður en hugtakið auðlindagarður á við þyrpingu fyrirtækja sem nýta tvo eða fleiri auðlindastrauma frá jarðvarmaveri HS Orku hf í Svartsengi.

Bláa Lónið er eina fyrirtæki Auðlindgarðsins sem **nýtir alla auðlindastrauma jarðvarmaversins** auk þess að vera fyrsta fyrirtækið til að nýta auðlindastrauma aðra en bara heitt og kalt vatn og rafmagn.



Kalt vatn



Heitt vatn



Rafmagn

CO₂

Koltvísýring

—
Við framleiðslu þörungna



Gufu


—
Við framleiðslu á salti



Jarðsjó

—
Til heilsu og lækninga

Visthringurinn auðlindarinnar



Í hráefnavinnslu Bláa Lónsins fer fram vinnsla á virkum efnum jarðsjávarins; kísil, söltum og þörungum.
Vinnsluferlar eru sjálfbærir og umhverfisvænir.

Líftækni

Bláa Lónið er leiðandi hér á landi í ræktun smápörunga, en fyrirtækið **hefur ræktað pörunga í 20 ár**. Þörungarnir eru ræktaðir í þar til gerðum ljóstillífunarbúnaði við stýrðar aðstæður í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins í Auðlindagarðinum.

Árið 2012 var mikilvægt skref stigið þegar Bláa Lónið hóf að **nýta koltvísýringsríkt jarðvarmagas** frá jarðvarmaveri HS Orku við ræktun þörunga.

Að umbreyta útblæstri jarðvarmavers í háverðsafurðir, líkt og gert er hér á iðnaðarskala, er **einstakt á heimsvísu**.



Einkaleyfi

Bláa Lónið hefur fengið útgefið einkaleyfi í Evrópu og Bandaríkjunum á snyrtivörum og lyfjum með sérstökum blágrænþörungum.

Í einkaleyfunum felst viðurkenning á þróunarstarfi Bláa Lónsins og nýnæmi og uppfinningagildi varanna.

Í einkaleyfunum er gerð grein fyrir niðurstöðum tilrauna sem vísindamenn Bláa Lónsins unnu í samvinnu við erlenda tilraunastofu og sýna fram á virkni blágrænna þörunga úr lóninu.



ISO:9001

Hráefnavinnsla Bláa Lónsins er vottuð samkvæmt alþjóðlega stjórnunarstaðlinum ISO 9001:2015.

Markmið ársins 2017 var að fá vottun samkvæmt staðlinum fyrir framleiðslu á Blue Lagoon húðvörum og virkum efnum úr jarðsjó Bláa Lónsins.

Hráefnavinnsla Bláa Lónsins stóðst vottun í nóvember 2017.

Með þessu tryggir Bláa Lónið **örugga gæðastýringu á framleiðslu sinna vara frá auðlind til viðskiptavinar.**



05 / Ábyrg viðskipti

Ábyrgur rekstur

Bláa Lónið hefur hlotið viðurkenningu Vakans fyrir ferðaþjónustu og einnig fyrir veitingaþjónustu.

Markmið Vakans er að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðaþjónustu með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð innan greinarinnar.

Bláa Lónið hefur verið með vottun Vakans síðan 2015.



Ábyrgar fjárfestingar

Vöxtur íslenskrar ferðapjónustu og sjálfbærni mótast ekki hvað síst af því að fjölga valkostum fyrir ferðamenn um land allt. **Bláa Lónið býr yfir verðmætri sérþekkingu á heilsuferðapjónustu er byggir á endurnýjanlegum jarðvarmaauðlindum.**

Á undanförnum árum hefur Bláa Lónið fjárfest í verkefnum er byggja á þessum þáttum.


Stjórnendur og eigendur vilja nýta þá þekkingu sem byggst hefur upp innan fyrirtækisins á undanförnum áratugum og stuðla þannig að frekari framþróun íslenskrar ferðapjónustu um land allt. Þekking og reynsla arkitekta og upplifunarhönnuða Bláa Lónsins nýtist einnig í þessum verkefnum.



06 / Samfélagsverkefni

Stuðningur við samfélagsverkefni er mikilvægur þáttur í starfsemi Bláa Lónsins.

Í nálgun Bláa Lónsins að samfélagsverkefnum endurspeglast eitt af þeim gildum sem starfsmenn hafa sett sér:



að okkur er annt um samfélag okkar og umhverfi

06 / Samfélagsverkefni

Manngildisverkefni

Psoriasis meðferðir, íslenskum heilbrigðisyfirvöldum að kostnaðarlausu

Stærsta einstaka samfélagsverkefni Bláa Lónsins er að veita psoriasis meðferð Bláa Lónsins án kostnaðar fyrir sjúkratryggða á Íslandi og íslensk heilbrigðisyfirvöld.

Psoriasis meðferð Bláa Lónsins er rekin sem samfélagsverkefni en stýrð af hjúkrunarfræðingi og huðlækni Bláa Lónsins. Fyrirtækið hefur samning við heilbrigðisyfirvöld og nýtur meðferðin viðurkenningar sem meðferðarvalkostur. Bláa Lónið þiggur ekki greiðslur frá íslenska ríkinu vegna meðferðarinnar.

Nokkur fjöldi meðferða er veittur erlendum psoriasis sjúklingum á ári hverju og greiða þeir sjálfir fyrir sinn meðferðarkostnað. Á árinu 2017 komu erlendir psoriasis sjúklingar frá 10 löndum í Evrópu og Bandaríkjunum.



Önnur manngildisverkefni



Bláa Lónið hefur styrkt **Krabbameinsfélag Íslands** með þátttöku í bleikum október. Valinni húðvöru er pakkað í fallegar bleika umbúðir og hluti af söluandvirði rennur til verkefnisins.



Bláa Lónið er á meðal styrktaraðila **Sólheima**, en þar er unnið ómetanlegt starf þar sem horft er til samspils umhverfis og manngildis. Sólheimar eru frumkvöðlar á sviði lífrænnar ræktunar, ekki einungis hér heima heldur einnig á Norðurlöndunum.

06 / Samfélagsverkefni

Menningarmál

Fjölbreytt verkefni á sviði menningar

Bláa Lónið er bakhjarl [Hönnunarmiðstöðvar Íslands](#). Með samstarfinu við Hönnunarmiðstöðina vill Bláa Lónið stuðla að enn frekari þróun íslenskrar hönnunar. Hönnun gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu og starfsemi Bláa Lónsins þar sem áhersla er lögð á að vinna með hið náttúrulega umhverfi lónsins, sem er mikilvægur þáttur í upplifun okkar viðskiptavina.

Bláa Lónið er á meðal þeirra fyrirtækja sem styðja við [Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur](#). Stofnunin vinnur ómetanlegt starf á sviði tungumála og að auka þekkingu og skilning á mismunandi menningarheimum. Bláa Lónið starfar í alþjóðlegu umhverfi og starfsmenn koma frá mismunandi þjóðlöndum. Stuðningurinn undirstrikar því hversu þýðingarmikið það er að efla skilning okkar allra á hinum ýmsu tungumálum og fjölbreytilegri menningu.



06 / Samfélagsverkefni

Umhverfisverkefni

Náttúruperlan Reykjanes

Bláa Lónið hefur einnig veitt **Reykjanes Geopark** sérstakan stuðning til uppbyggingar við náttúruperlur á Reykjanesi. Verkefnin felast í gerð palla við Brimketil og gerð bílastæða við Reykjanesvita og Gunnuhver.

Uppbygging **Húsatóftarvallar, golfvallarins í Grindavík**, er annað mikilvægt samfélagsverkefni. Markmið uppbyggingarinnar er fyrst og fremst að styrkja innviði Grindavíkur fyrir bæði íbúa og ferðamenn.



06 / Samfélagsverkefni

Íþróttar- og æskulýðsmál

Nærsamfélagið

Félagið hefur um árabíl veitt styrki til **íþrótt- og æskulýðsmála í nágrannasveitarfélögunum á Reykjanesi**, sem eru Grindavík, heimabær Bláa Lónsins, Reykjanesbær, Vogar, Sandgerði og Garður.

Við erum afar stolt af samstarfinu við íþróttafélögin, en innan félaganna er unnið starf sem ekki er metið til fjár.

Fyrirtækið veitir **menningarhátíðum á Reykjanesi** einnig styrki.

Bláa Lónið hefur um árabíl ásamt HS Orku hf kostað **gönguferðir um Reykjanesið**. Með verkefninu viljum við hvetja fólk til útivistar og hreyfingar og auka þekkingu á stórbrotinni náttúru á Reykjanesi. Göngurnar eru allar innan Reykjanes UNESCO Geopark og árlega taka um 700 manns þátt í göngunum.



Íþrótt- og æskulýðsstarf

Bláa Lónið hefur um árabil stutt við **Íþróttasamband fatlaðra**. Óhætt er að segja að árangur íþróttafólks sambandsins hafi vakið verðskuldaða athygli hér heima og erlendis.

Í upphafi árs 2017 var undirritaður samstarfs-samningur á milli Bláa Lónsins og **Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttur, atvinnukylfings**. Samningurinn er gerður til tveggja ára og er tilgangur hans að veita Ólafíu Þórunni stuðning við keppni og æfingar til að auðvelda henni að ná markmiðum sínum.

Þá er Bláa Lónið aðili að **Forskoti**, en hlutverk forskots er að styðja við bakið á okkar efnilegustu kylfingum.

Bláa Lónið er einnig á meðal bakhjarla **Landssambands hestamanna**.



06 / Samfélagsverkefni

Efling ferðapjónustunnar

Efling ferðapjónustunnar

Bláa Lónið hefur stutt við verkefni sem miða að því að efla ferðapjónustuna sem atvinnugrein.

Í því samhengi má nefna aðild Bláa Lónsins að **Iceland Startup Tourism** verkefninu sem miðar að því að efla nýsköpun innan ferðapjónustunnar. Með stuðningi við Startup Tourism vill Bláa Lónið hvetja til nýsköpunar og aukinna gæða innan greinarinnar og stuðla þannig að jákvæðri upplifun ferðamanna og sjálfbærum vexti ferðapjónustunnar.

Þá er Bláa Lónið í hópi stofnaðila **Íslenska Ferðaklasans**. Klasinn er samstarfsvettvangur aðila sem starfa á sviði ferðapjónustu og í tengdum atvinnugreinum. Hlutverk klasans er að efla samkeppnishæfni og auka verðmætasköpun íslenskrar ferðapjónustu.



ÍSLENSKI
FERÐAKLASINN
Iceland Tourism Cluster

Bláa Lónið er aðili að ...



Iceland
Geothermal Cluster
Initiative



F E S T A

Samfélagsábyrgð
fyrirtækja



MEET ^{IN}
REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau



Iceland
naturally



INSPIRED
BY
ICELAND

BLUE LAGOON
ICELAND